

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1962

18. október.

451

Nr. 198.

ARÐSKRÁ

fyrir fiskiræktar- og veiðifélag Fellsstrandar.

Samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna 29. okt. 1960.

1. Stóri-Galtalækur	3.77
2. Grund	3.50
3. Kjarlaksstaðir	13.41
4. Litla-Tunga	9.32
5. Stóra-Tunga	21.90
6. Orrahóll	2.51
7. Svínaskógur	1.26
8. Hallsstaðir	2.94
9. Staðarfell	4.92
10. Túngarður	2.23
11. Harastaðir	1.52
12. Ytra-Fell	32.72
	<hr/>
	100.00

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. október 1962.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

13. nóvember.

Nr. 199.

AUGLÝSING

um húsaleigu embættismanna í embættisbústöðum annarra en presta.

Ríkisendurskoðunin úrskurðar svo um húsaleigu embættismanna þeirra, sem ríkið leggur til embættisbústað.

Þegar um það er að ræða, að embættismaður þarf ekki á öllu því húsnæði að halda fyrir sig og fjölskyldu sína, sem embætti hans er fengið til ráðstöfunar, er rétt, að það af húsnæðinu, sem embættismaðurinn telur sig ekki þurfa á að halda, sé leigt öðrum og tekjur af því renni í ríkissjóð, ef embættismaðurinn samþykkir og það er honum ekki að neinu leyti til óþæginda.

B 57

Embættismaðurinn á engan rétt til tekna af embættisbústað, ef hann framleigir hann eða eitthvað af honum, og ber að skila öllum slíkum tekjum í ríkissjóð.

Um húsaleigu í embættisbústöðum presta gilda lög nr. 38 1. maí 1947 og verður ekki úrskurðað um hana að svo stöddu.

Ríkisendurskoðunin, 13. nóvember 1962.

F. h. r.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur verið ákveðið, að eftirtaldir vegakafar á Seyðisfirði skuli teljast aðalbrautir:

- a. Austurvegur allur frá Fjarðará að Búðará.
- b. Bjólfsgata frá Öldugötu að Norðurgötu.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 8. nóvember 1962.

Erlendur Björnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkarkauptún, nr. 97 1. júní 1951.

1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip og bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við bryggju eða á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjaldið af nettóburðarmagni skipsins í heilum tölum, en brotum skal sleppt.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hólmavíkurhreppi og skrásett þar og eru ekki í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Skip 20—50 brúttórúmllestir greiði	kr. 2000.00
Skip 7—20 brúttórúmllestir greiði	— 1000.00
Smærri bátar greiði	— 500.00

- b. Skip stærri en 12 rúmllestir brúttó, sem ganga eftir föstum auglýstum ferða-áætlunum greiði 20 auro fyrir hverja brúttórúmllest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.